

Fundur í skólaráði Grunnskóla Grindavíkur 30.janúar 2013 kl. 16:30

Mættir voru: Rósa og Valdís fulltrúar kennara, Unnar fulltrúi nemenda, Geirlaug fulltrúi foreldra, Halldóra skólastjóri og Guðbjörg aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

**1. Húsnæðismál skólans**

Halldóra fór yfir teikningar af nýju bókasafni og tónlistarskóla sem byrjað verður að byggja vorið 2013. Einnig sagði hún frá hugmyndum um bættu aðstöðu í smiðjum í Hópsskóla og kaffistofu starfsfólks við Ásabraut. Einnig er hugmyndin að kaupa skjávarpa og smátæki sem vantar í nokkrar stofur. Búið er að kaupa tvö borðtennisborð og fótboltaspil við Ásabraut og tvö taflborð voru sett upp í Hópskóla auk tveggja fótboltaspila.

**2. Skólareglur**

Reglurnar voru unnar 2006 og eru á heimasíðu skólans. Þetta eru reglurnar sem eru í gildi og farið er eftir þeim á meðan þær eru í gildi. Til stendur að endurskoða reglurnar þegar skólastefnan verður endurskoðuð.

**3. Málþing um skólamál**

Halldóra afhenti yfirlit yfir niðurstöður hópastarfs frá málþinginu um skólamál í Grindavík 12. janúar 2013. Næsti starfsdagur starfsmanna verður mánudaginn 4. febrúar n.k. og þá verða grunnþættirnir lýðræði og sköpun teknir fyrir.

**4. Heimsókn í Norðlingaskóla**

Halldóra þakkaði fundarmönnum fyrir að koma með í ferðina og gaf orðið laust. Unnar – fannst skólinn mikið öðruvísi en hérna. Valdís – í kynningu kom fram að ekkert heimanám væri en þegar nánar var athugað var krafa um markmið og færni og ef ekki var klárað í skólanum þá urðu nemendur að vinna heima. Rósa – fannst gaman að hlusta á Sif en við sáum e.t.v. ekki mikið af skólastarfinu í göngu okkar um skólann. Áhugavert að heyra af öðruvísi foreldrasamstarfi m.a að starfsmenn færu heim til nemenda í ágúst. Teymisvinna líka spennandi og gefur mikla möguleika. Rósa var einnig ánægð með hversu fjölbreyttur hópurinn var sem fór í heimsóknina. Smiðjufyrirkomulagið var líka áhugavert og spennandi að vinna með þemu. Halldóra – gott að nemandi geti leitað til fleiri aðila sbr. teymisvinnuna. kennarar, stuðningsfulltrúar, stoðkennari o.f.l. mynduðu teymi um ákveðinn árgang. Geirlaug – spennandi að fá starfsmenn skólans heim. Halldóra velti upp spurningunni hvernig við ættum að segja frá þessari heimsókn.

**5. Nýr fundartími**

Næsti fundur verður fimmtudaginn 21.febrúar kl. 16:30

Fundi slitið kl. 17:50